

Gróðurfar ofan Flateyrar

Svæðið milli Ytra-Bæjarhryggs og Eyrargils

Kristbjörn Egilsson
Guðmundur Guðjónsson



Náttúrufræðistofnun Íslands
Skýrsla unnin fyrir Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf
Reykjavík, júní 1996

1 INNGANGUR

Í bréfi dagsettu 10. maí 1996 fór Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún kannaði hvort einhverjar rannsóknir og athuganir lægju fyrir um lífríki Eyrarfjalls ofan Flateyrar. Í ljós kom að svo reyndist ekki vera.

Þá var ákveðið að afla gagna um gróðurfar svo sem kostur var miðað við árstíma. Farið var til Flateyrar í maílok og Eyrarfjall milli Ytra-Bæjarhryggs og Eyrargils skoðað. Lögð var áhersla á að skoða gróðurlendi, teikna gróðurlendi, skrá háplöntutegundir og safna mosasýnum. Ágætt veður var á staðnum og gróður mun lengra kominn en venja er á þessum árstíma.

Tengiliður fyrir hönd VST var Sigurður Þórðarson.

Vinsamlegast athugið við lestur skýrslunnar að nokkrar mosategundir hafa ekki fengið íslensk heiti. Því verður sumstaðar að notast við latnesk fræðiheiti í textanum.

2 STAÐHÆTTIR

Rannsóknasvæðið er í Eyrarfjalli (0-140 m y.s) ofan við byggðina á Flateyri. Það markast af Ytra-Bæjarhrygg og Eyrargili og er um einn ferkílómetri að flatarmáli.

3 GRÓÐURFAR

Gróðurlendi (1. mynd) af svæðinu hefur verið teiknað í mælikvarðanum 1:2000. Á kortinu sést að hlíðin er vel gróin en að gróðurfarið er fremur fábreytt. Graslendi er ríkjandi, en nokkuð er einnig af mýrlendi og snjóældaskotnu kvistlendi þar sem bláberja- og aðalbláberjalýng eru ríkjandi tegundir. Ræktun, rask og uppgræðsla setja einnig svip á gróðurfarið.

Graslendi

Vallendi (H1). Megin hluti svæðisins er vallendi sem hefur allþéttan gróðursvörð og er vel gróin. Þarna eru túnvingull, blávingull og ilmreyr áberandi tegundir. Af öðrum tegundum má nefna ljónslappa, stinnastör, gulmöðru, blóðberg, lambagras, tungljurt, hvítmöðru, slíðrastör, holtasóley, krækilyng og mýrfjólu. Af algengum mosum í vallendinu má nefna tildurmosa, engjaskraut og *Drepanocladus uncinatus*. Finnungur verður áberandi þegar ofar er komið í brekkuna einkum á þeim blettum þar sem snjór liggur lengst.

Áberandi er að grjóti stendur víða upp úr sverðinum og er það oftast ekki þakið mosum og fléttum. Algengir mosar á grjóti eru hærugambri, fjaðurgambri, urðagambri, kármosi, snoðgambri, silfurgambri og urðabrúskur.

Sumstaðar í hlíðinni eru blettir með reyrgresi, ilmreyr, vallelftingu, skarifífli, hrafnaklukku og maríustakk.

Umhverfis námuna vestast á svæðinu er gisið graslendi. Þar vaxa túnvingull, blávingull, blásveifgras, língresi, holurt, melablóm, blóðberg, hundasúra, túnsúra, grávorbóm, gleym-mér-ey, blóðberg og vorperla. Þar fundust einnig hlaðmosi, gráhaddur, melagambri og hraungambri.

Uppgrætt land (H5). Raskað land sem hefur verið grætt upp eins og t.d. ofan vegar í „hólunum“. Þar er graslendi ríkjandi. Áberandi grastegundir eru túnvingull, ilmreyr, blávingull, vallarsveifgras, blávingull og ættkvíslin língresi sem ekki var hægt að greina til tegunda þar sem þau voru illa spröttin. Af öðrum tegundum má nefna klóelftingu, ljónslappa, kornsúru, vallhæru, axhæru, túnfífla, lyfjagras, kornsúru, aðalbláberjalyng og stinnastör. Ríkjandi mosar í þessu uppgrædda landi eru melhaddur, barðahnappur, móaskart, *Barbilophozia hatcheri*, *Lophozia excisa* og *Nardia scalaris*.

Gamalt tún (H2). Um er að ræða graslendi sem upphaflega var ræktað tún. Þetta land hefur fallið í órækt og er orðið þýft. Sáðgresi eins og vallarfoxgras og háliðagras eru þar ekki lengur ríkjandi.

Snjódæld

Efst í hlíðinni eru breiður þar sem aðalbláberjalyng og/eða bláberjalyng eru ríkjandi tegundir (B7). Þar fundust einnig ilmreyr, ljónslappi, undafíflar, túnfíflar, hvítmaðra og gullmura. Á milli þar sem stendur hærra og er þar af leiðandi snjóléttara, vaxa holtasóley, krækilyng, vallarsveifgras, klóelfting, axhæra, vallhæra, bláberjalyng, blásveifgras og grasvíðir.

Á svæði í miðri hlíðinni er rakara á kafla. Þar virðist sem snjór liggja lengur. Þarna er á köflum snjódældagróður þar sem grámulla er áberandi ásamt finnungi, maríustakki fjalladeplu, klukkublómi, aðalbláberjalyngi, fjalladúnurt, ljónslappa, aðalbláberjalyngi, gulmöðru, kornsúru og stinnastör. Þar sem er rakast vaxa hrossanál og hrafnaklukka. Þessir blettir eru það litlir umfangs að þeir koma ekki fram á gróðurkort.

Votlendi

Mýri (U7 og U8). Samfellda mýri er að finna í miðri hlíðinni og vestast á athugunarsvæðinu. Mýrastör og klófífa eru yfirleitt ríkjandi tegundir. Mýrablettir finnast á stöku stað.

Í lítilli mýri neðan vegar við lónið eru mýrastör og klófífa ríkjandi tegundir en auk þess er mýrelfting mjög áberandi. Þar finnast einnig hengistör, hófsóley, hrafnaklukka, engjarós, mýrfjola og dúnurtir. Auk þess vaxa þarna mosarnir lindarindill, hnokkaskæna, djáhnappur, fjallhaddur og *Marchantia polymorpha*.

Við endann á Ytri-Leiðagarði er votlendisblettur þar sem gulstör er ríkjandi ásamt mýrastör og með þeim vaxa sömu tegundir og að ofan greinir.

Í deiglendisræmum í slakkanum í Eyrarhrygg eru klóelfting og mýrastör ríkjandi og þar fundust einnig mosarnir bleikjukollur, rekilmosi, móabruskur, rauðburi, mýraskæna og *Cephalozia hampeana*. Á blettum þar sem þurrara er dafnar hrossanál.

Jadar eða hálfdeygja (T5) er millistig á milli þurrlendis og votlendis. Hér er um að ræða lítið svæði ofan ræktuðu túnanna, en þar eru grös og starir áberandi.

Ræktað land


Tún (R1). Vestast á svæðinu nálægt námunni eru tún og utan við þau er graslendi með kraftmiklum gróðri. Ríkjandi eru háliðagras, vallarfoxgras, vallarsveifgras, varpasveifgras, túnvingull og língresi. Auk þess vaxa innan um grasið ýmsir tvíkímblöðungar t.d. brennisóley, vegarfí, haugarfí, túnsúra, túnfíflar og skarífífill. Af mosum má nefna engjaskraut og *Drepanocladus uncinatus*. Einnig eru svæði þar sem eru kálgarðar (R2) og trjárækt (R3).

Bersvæðisgróður

Efst á rannsóknasvæðinu og á nokkrum öðrum stöðum er grýtt og lítt gróið land (gt). Þar eru plöntur smávaxnar og langt á milli einstaklinga. Algengar melategundir vaxa á þessu svæði t.d. blóðberg, krækilyng, grasvíðir, melablóm, hvítmaðra, gullmura, kornsúra, músareyra, blásveifgras, túnvingull og blávingull.

Af öðrum gróðurlendum má nefna:

- Lítinn blett þar sem lúpínu hefur verið sáð (L3).
- Mosapembu með grösum (A5).
- Dýjamosablett (A10) í gamalli námu þar sem lindaskart ræður ríkjum.
- Ræmur með melgresi (H4).
- Lítil svæði með grösum og smárunnum (H3).
- Svæðið þar sem vestari malargrifjan stendur flokkast sem möl (me).
- Mold (mo) er raskað svæði rétt ofan við byggðina.



Erophila verna

Vorperla

4 FLÓRA

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista. Alls fundust 95 tegundir háplantna (1. tafla) auk ættkvísla túnfífla og língrasa. Ef miðað er við að á Íslandi vaxi 458 tegundir háplantna (Hörður Kristinsson 1986 og Bergþór Jóhannsson 1989) hafa fundist á svæðinu um 21% íslensku flórunnar. Hafa þeir í huga að vegna þess hve svæðið var skoðað snemma sumars, þótt vel hafi vorað, vantar eflaust allmargar tegundir á listann, einkum tegundir sem eru seinsprottnar og blómgast ekki fyrr en eftir mitt sumar. Þetta geta verið milli 15 og 25 tegundir.

Nær allar tegundir háplantna sem fundust á svæðinu eru algengar á landsvísi og hafa ekkert verndargildi sem slíkar á þessu svæði. Hins vegar fannst ein tegund *vorperla* sem ekki hefur áður fundist á Vestfjörðum nema allra syðst. Hún vex á bletti rétt ofan við námuna vestast á svæðinu. Á mynd á 4. bls. er sýnt kort yfir útbreiðslu tegundarinnar á Íslandi. Þar sést að meginútbreiðsla hennar er Norðurland og hluti Austurlands. Vorperlan er einær fíngerð jurtt og vex á melum. Þegar hún byrjar að blómstra er hún örsmá 2-4 sm á hæð, en verður að lokum allt að 10-15 sm. Hún blómstrar snemma vors á undan flestum öðrum plöntum, stundum seinast í apríl og er þá alláberandi, en fljótlega eftir blómgun myndar hún fræ og visnar. Ekki vannst tími til að leita að þessari tegund utan svæðisins. Hins vegar eru líkur til að hún finnist annarsstaðar í nágrenninu allmiklar. Einnig benda heimildir í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar til þess að tegundin sé í hægri útbreiðslu um landið.

Safnað var eintökum af mosum á rannsóknasvæðinu og þau greind til tegunda á rannsóknastofu af Bergþóri Jóhannssyni, mosafræðingi. Alls fundust 38 mosategundir og eru þær allar algengar (2. tafla).

5 NIÐURSTÖÐUR

Í umfjölluninni hér að neðan er miðað við að megnið af efni í leiðigarðana verði tekið ofan 50 m hæðarlínu og að rask neðan þeirrar línu verði því í lágmarki. Þetta kemur fram í lýsingu á varnarvirkjum frá VST.

Aðrir hlutar Eyrarfjallshlíðar virðast hafa svipað gróðurfar og athugunarsvæðið. Því verður ekki séð að rask það sem verður af völdum snjóflóðagarða eyðileggi gróðurfélög sem eru sjaldgæf eða finnast ekki í næsta nágrenni.

Hér skal minnt á að gengdarlaus framræsla votlendis einkum á láglandi um land allt var unnin frá miðbiki þessarar aldar og langt fram á níunda áratuginn. Framræslan hefur orðið til þess að votlendi á láglandi og í nánd við byggð er harla sjaldgæft.

Almennt séð er því mikil eftirsjá af votlendi sem hverfur. Þess vegna ber að reyna af fremsta megni að hlífa því sem eftir er. Ljóst er að votlendið á miðbiki svæðisins fer undir varnargarða. Hins vegar er e.t.v. hægt að komast hjá því að skerða votlendið vestast á svæðinu ef hugað er að því við skipulag efnistökkunar.

Tegundirnar sem þarna fundust eru allar algengar nema *vorperlan*. Þó hún hafi nú fundist í fyrsta sinn á þessum slóðum er niðurstaðan, sú eftir að hafa skoðað útbreiðslu tegundarinnar og rætt

málið við aðra sérfræðinga að líkurnar á því að tegundin finnist á fleiri stöðum í nágrenninu séu miklar. Hins vegar mætti huga að því við framkvæmdir að hlífa svæðinu við raski og koma þannig í veg fyrir að tegundin hverfi af þessum stað. Slíkt er þó ekki forgangsatriði.

6 RITASKRÁ

Bergþór Jóhannsson 1983. A list of Icelandic bryophyte species. Acta Naturalia Islandica 30. Náttúrufræðistofnun Íslands. 29 bls.

Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undafíflar I-III. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 502 s.

Bergþór Jóhannsson 1990-1995. Íslenskir mosar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 12, 13, 15, 16, 19, 20, 21, 22, 24, 26 og 27.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Reykjavík. 306 bls.

1. tafla

Háplöntuflóra Eyrarfjalls ofan Flateyrar, milli Ytri-Bæjarhryggs og Eyrargils

Háplöntur:	
Íslensk heiti:	Latnesk heiti:
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i> L.
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i> Sims
Axhæra	<i>Luzula spicata</i> (L.) Cand.
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i> Web.& Mohr
Birki	<i>Betula pubescens</i> Ehrh.
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i> L.
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i> L.
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i> Vahl.
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i> (L.) Sm.
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i> Opiz
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i> L.
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i> L.
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i> L.
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i> (L.) Scop.
Eski	<i>Equisetum hyemale</i> L.
Finnungur	<i>Nardus stricta</i> L.
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i> L.
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i> Lam.
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i> (L.) Roemer & Schultes
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i> L.
Gleym–mér–ei	<i>Myosotis arvensis</i> (L.) Hill
Grámulla.	<i>Omalotheca supina</i> (L.) Cand.
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i> L.
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i> Trautv.
Grávorbíóm	<i>Draba incana</i> L.
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i> (Crantz) Fritsch
Gulmaðra	<i>Galium verum</i> L.
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i> Hornem.
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i> L.
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i> L.
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i> (Timm) Koeler
Haugarfi	<i>Stellaria media</i> (L.) Vill.
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i> L.
Hélunjóli	<i>Chenopodium album</i> L.
Hengistör	<i>Carex rariflora</i> (Wahlenb.) Sm.
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i> (L.) Medicus
Hlíðafífill	<i>Hieracium senex</i> (Dahlst.) Dahlst.
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i> L.

Holurt	<i>Silene uniflora</i> A.Roth
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i> L.
Hrafnaþífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i> Hoppe
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i> Gand.
Hrímblaðka	<i>Atriplex longipes</i> Drej.
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i> Willd.
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i> L.
Húsapuntur	<i>Elymus repens</i> (L.) Gould
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i> O.Dahl
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i> L.
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i> L.
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i> (Vierh.) Simm.
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i> L.
Kisugras	<i>Myosotis discolor</i> Pers.
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i> L.
Klóþífa	<i>Eriophorum angustifolium</i> Honck.
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i> L.
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i> (L.) S.Gray
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i> L.
Língresi	<i>Agrostis</i> spp.
Lambgras	<i>Silene acaulis</i> (L.) Jacq.
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i> L.
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i> L.
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i> L.
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i> L.
Lækjafræhyrna	<i>Cerastium cerastoides</i> (L.) Britton
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i> L.
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i> (L.) Hiit.
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i> (L.) Hochst.
Móasef	<i>Juncus trifidus</i> L.
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i> (L.) Link
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i> L.
Mýrastör	<i>Carex nigra</i> (L.) Reichard
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i> L.
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i> L.
Njólí	<i>Rumex longifolius</i> Cand.
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i> (L.) Beauv.
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i> L.
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i> L.
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i> Tausch
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i> (L.) Beauv.
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i> Schwein.

Stjörnusteínbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i> L.
Stóriburkni	<i>Dryopteris filix-mas</i> (L.) Schott
Tágamúra	<i>Potentilla anserina</i> L.
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i> (L.) Bernh.
Túnfíflar	<i>Taraxacum</i> spp.
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i> (L.) Sw.
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i> L.
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i> Hook.
Undafíflar	<i>Hieracium</i> spp.
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i> L.
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i> L.
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i> L.
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i> (Retz.) Lej.
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i> L.
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i> Baumg.
Vorperla	<i>Erophila verna</i> (L.) Chev.
Þrenningarfjóra	<i>Viola tricolor</i> L.
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i> L.

Samtals 95 tegundir

Tegundunum er raðað upp í stafrófsröð íslenskra heita. Um íslenskar og latneskar nafngiftir er farið eftir Plöntuhand-bókinni (Hörður Kristinsson 1986).

2. tafla

Mosaflóra Eyrarfjalls ofan Flateyrar, milli Ytri-Bæjarhryggs og Eyrargils

Mosar:	
Latnesk heiti:	Íslensk heiti:
<i>Aulacomnium palustre</i> (Hedw.) Schwägr.	bleikjukollur
<i>Barbilophozia hatcheri</i> (Evans) Loeske	
<i>Bartramia ithyphylla</i> Brid.	barðahnappur
<i>Brachythecium albicans</i> Schimp.	
<i>Cephaloziella hampeana</i> (Nees) Schiffn.	
<i>Ceratodon purpureus</i> (Hedw.) Brid.	hlaðmosi
<i>Dicranella palustris</i> (Dicks.) E.Warb.	lindarindill
<i>Dicranoweisia crispula</i> (Hedw.)Milde	kármosi
<i>Dicranum scoparium</i> Hedw.	móabrúskur
<i>Drepanocladus uncinatus</i> (Hedw.) Warnst.	
<i>Grimmia montana</i> Bruch et Schimp.	hlíðaskeggi
<i>Hygrohypnum ochraceum</i> (Wils.) Loeske	
<i>Hylocomium splendens</i> (Hedw.) Schimp.	tildurmosi
<i>Kiaeria blyttii</i> (Schimp.) Broth.	urðabrúskur
<i>Lescuraea incurvata</i> (Hedw.) Lawt.	
<i>Lescuraea patens</i> (Lindb.) H.Arn. et C.Jens.	
<i>Lopozia excisa</i> (Dicks.) Dum.	
<i>Marchantia polymorpha</i> L.	
<i>Nardia scalaris</i> S.Gray	
<i>Paludella squarrosa</i> (Hedw.) Brid.	rekilmosi
<i>Philonotis fontana</i> (Hedw.) Brid.	dýjahnappur
<i>Plagiomnium ellipticum</i> (Brid.) T.Kop.	mýraskæna
<i>Pogonatum urnigerum</i> (Hedw.) P.Beauw.	melhaddur
<i>Pohlia nutans</i> (Hedw.) Lindb.	móaskart
<i>Pohlia wahlenbergii</i> (Web. et Mohr) Andr.	
<i>Polytrichum alpinum</i> Hedw.	fjallhaddur
<i>Polytrichum piliferum</i> Hedw.	gráhaddur
<i>Pseudobryum cinclidioides</i> (Hüb.)T.Kop.	hnokkaskæna
<i>Pterigynandrum filiforme</i> Hedw.	
<i>Racomitrium canescens</i> (Hedw.) Brid.	hærugambri
<i>Racomitrium elongatum</i> (Brid.) Brid.	fjaðurgambri
<i>Racomitrium ericoides</i> (Hedw.) Brid.	melagambri
<i>Racomitrium fasciculare</i> (Hedw.) Brid.	snoðgambri
<i>Racomitrium heterostichum</i> (Hedw.) Brid.	silfurgambri
<i>Racomitrium lanuginosum</i> (Hedw.) Brid.	hraungambri
<i>Racomitrium sudeticum</i> (Funch) Bruch et Schimp.	urðagambri
<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i> (Hedw.) Warnst.	engjaskraut
<i>Sphagnum warnstorffii</i> Russ.	rauðburi

Samtals: 38 tegundir

Tegundunum er raðað upp í stafrófsröð latneskra heita. Um nafngiftir er farið eftir Berghóri Jóhannssyni 1983 og 1990-1995.